

Miðvikudaginn 9. desember 1992.

Nr. 427/1992. **Ásgeir Hannes Eiríksson**

gegn

Byggingavöruverslun Kópavogs hf.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Gjaldþrotaskipti. Útivist í héraði. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. nóvember 1992. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði „verði hrundið eða að meðferð málsins frá og með 28. október 1992 verði ómerkt og málinu vísað heim til lögmætrar meðferðar“.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, þar sem kæran sé of seint fram komin samkvæmt 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Til vara krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar í báðum tilvikum.

Sóknaraðili var ekki mættur, þegar mál þetta var tekið fyrir í annað sinn í héraðsdómi Reykjavíkur 28. október 1992. Upplýst er, að sóknaraðili mætti skömmu eftir lok þinghaldsins og fékk þá vitneskju um, að málið hefði verið tekið til úrskurðar. Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 30. október 1992.

Sóknaraðili átti eftir þetta þann eina kost að æskja endurupptöku samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991, sem hér verður að leggja til grundvallar, sbr. 3. mgr. 176. gr. og lokamálslið 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Brestur þannig heimild til kæru málsins, sbr. 4. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.